

- miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 1998. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 1998 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 5. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar.

1. gr.

Samkvæmt reglum þessum skal þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við nauðsynlegar tannlækningar eftirtalinnna einstaklinga vera sem hér segir:

- 100%: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra.
- 75%: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar.
Börn, 17 ára og yngri, sbr. þó 2. gr. gjaldskrár nr. 166/1992.
- 50%: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta ekki tekjutryggingar.

2. gr.

Sjúkratryggð börn, 17 ára og yngri, skulu hafa einn ábyrgðartannlækni sem annast allar nauðsynlegar almennar tannlækningar þeirra. Heimilt er, vegna ófyrirsjáanlegra atvika, að leita aðkallandi aðstoðar annars en ábyrgðartannlæknis. Ábyrgðartannlæknir getur verið hvort heldur er skólatannlæknir eða einkatannlæknir.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í tannlækningum barna og unglunga 17 ára og yngri öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð, sbr. 2. tl. 1. gr. Heimilt er á hverju almanaksári að taka þátt í kostnaði sjúkratryggðra við skoðun, eftirlit og fræðslu, röntgenmyndir, flúormeðferð, tannhreinsun og aðra sambærilega meðferð samkvæmt því sem hér greinir, enda teljist viðkomandi ekki í sérstakri áhættu vegna munnsjúkdóma:

- Skoðun, eftirlit og fræðsla; ein tímæining alls.
- Röntgenmyndir; tvær myndir hið mesta.
- Flúormeðferð barna 12 ára og yngri; ein meðferð.
- Tannhreinsun barna 13 ára og eldri; tvær tímæiningar hið mesta.

Heimilt er á hverju almanaksári að taka þátt í kostnaði sjúkratryggðra sem eru í sérst. áhættu vegna munnsjúkdóma við skoðun, eftirlit og fræðslu, röntgenmyndir, flúormeðferð, tannhreinsun og aðra sambærilega meðferð samkvæmt því sem hér greinir:

- Skoðun, eftirlit og fræðsla; tvær tímæiningar alls.
- Röntgenmyndir; fjórar myndir hið mesta.
- Flúormeðferð barna 12 ára og yngri; tvær meðferðir hið mesta.
- Tannhreinsun barna 13 ára og eldri; fjórar tímæiningar hið mesta.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur aðeins þátt í kostnaði við skorufyllur fullorðinsjaxla annarra en endajaxla og því aðeins að minna en tvö ár séu frá uppkomu viðkomandi tanna. Stofnunin tekur ekki þátt í kostnaði við endurgerð skorufylla.

Tryggingastofnun er ekki heimilt að taka þátt í kostnaði við gerð fyllingar í tönn ef minna en tvö ár eru liðin frá því fylling eða skorufylla var sett í sama flöt tannarinnar.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega vegna smíði gervigóma, heilgóma eða parta á sex ára fresti hið mesta og fóðrana þeirra á þriggja ára fresti hið mesta.

Heimilt er, þegar sérstakar ástæður krefja, að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn. Skal ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins liggja fyrir áður en meðferð hefst.

Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.

Heimilt skal þó, í undantekningartilvikum og að undangenginni umsókn, að taka þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við ísetningu tveggja tannplanta í ótenntan neðri góm enda hafi aðrir meðferðarmöguleikar áður verið útilokaðir að mati Tryggingastofnunar ríkisins.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. síðustu mgr. 36. og 37. gr. s.l., og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 664/1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. janúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUR

um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa.

1. gr.

Greiðslur tannlækniskostnaðar skv. reglum þessum miðast við gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma. Sækja skal um þátttöku í kostnaði til Tryggingastofnunar ríkisins áður en meðferð, önnur en bráðameðferð, hefst.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 90% nauðsynlegs kostnaðar við almenna tannlæknismeðferð þeirra barna sem falla undir 1., 2. og 3. flokk reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, svo og andlega þroskahamlaðra einstaklinga, 17 ára og eldri, sem dveljast á vistheimilum eða sambýlum skv. reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 555/1994 um búsetu fatlaðra. Þátttaka sjúkratrygginga í almennum tannlækniskostnaði hvers einstaklings, án umsóknar, takmarkast við greiðslu allt að 30.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili. Þátttaka í kostnaði vegna umfangsmeiri meðferðar er háð samþykki Tryggingastofnunar að undangenginni umsókn.